

Mál nr. 333/2010

M

og

Vátryggingafélagið X v/A

og

Vátryggingafélagið Y v/B

Árekstur bifreiðum ekið aftur á bak úr stæðum verslunar í Hafnarfirði 25.03. 2010.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 21.10. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 15.11. 2010.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 10.11. 2010.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðunum var ekið aftur á bak úr bifreiðastæðum við verslun. Ágreiningur er milli ökumanna um nákvæman aðdraganda árekstursins þrátt fyrir sameiginlega tjónstilkynningu sbr. fyrirliggjandi gögn.

Vátryggingafélag A telur, líkt og tjónanefnd vátryggingarfélaganna, að ökumaður B skuli bera ábyrgð á árekstrinum fyrir að bakka í hlið A sem þá hafi verið kyrrstæð.

Vátryggingafélag B telur að ósannað sé að bifreið M hafi verið kyrrstæð og því beri að skipta sök til helminga.

M telur að ökumaður B eigi að bera ábyrgð á árekstrinum sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum þ.á m. ákomu á bifreiðunum og staðsetningu miðað við afstöðumynd tjónstilkynningar þykir rétt að leggja alla sök á ökumann B sem virðist hafa ekið á A. Fullvíst má telja að ökumaður B hafi ekki gætt þeirrar aðgæslu sem nauðsynleg var. Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann A miðað við fyrirliggjandi gögn.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 30. nóvember 2010

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.